

11. gr.

Ársreikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum ofangreindra félaga, ásamt einum löggiltum endurskoðanda.

12. gr.

Ef tímabært þykir að breyta skipulagsskrá þessari, skal leita samþykkis á aðalfundi beggja félaganna.

13. gr.

Jafnframt fellur úr gildi skipulagsskrá nr. 56 frá 1950 fyrir Líknar- og menningarsjóð Ljósmeðrafélags Reykjavíkur.

Reykjavík, 16. ágúst 1968.

F. h. Ljósmeðrafélags Íslands og Ljósmeðrafélags Reykjavíkur.

Steinunn Finnbogadóttir.

Helga Marin Níelsdóttir.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Guðbjarts Krisjánssonar, hreppstjóra, Hjarðarfelli, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 2. desember 1968.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Guðbjarts Kristjánssonar, hreppstjóra, Hjarðarfelli.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Guðbjarts Kristjánssonar. Hann var fæddur 18. nóv. 1878, dáinn 9. sept. 1950.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af konu, börnum og ýmsum fleirum. Stofnfjárhæð hans er kr. 10 110.00 — tíu þúsund eitthundrað og tíu krónur —, sem ávaxtast í Búnaðarbanka Íslands.

Auka má sjóðinn með viðbótartillögum og minningargjöfum.

3. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 25 000.00, má verja $\frac{1}{2}$ ársvöxtum samkvæmt fyrir-mælum 4. gr. En hinn helmingur ársvaxtanna leggst áfram við höfuðstólinn, þar til sjóðurinn er orðinn kr. 50 000.00, þá má verja $\frac{3}{4}$ ársvaxta í sama tilgangi, en $\frac{1}{4}$ ársvaxta leggist ávallt við höfuðstólinn, þar til hann er orðinn kr. 250 000.00. Úr því má verja öllum ársvöxtunum samkv. ákvæðum 4. gr., en höfuðstólinn má aldrei skerða.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

1. Að styrkja eða verðlauna þá einstaklinga er skara fram úr við ræktun trjá-lunda við heimili sín eða sýna sérstaka snyrtimennsku í umgengni.
2. Að styrkja félagsleg átök í ræktun jarðar og búfjár.

3. Að veita námsstyrki eða verðlaun til efnilegra nemenda við framhaldsnám að loknu skyldunámi.
4. Að veita kirkju- og menningarmálum fjárstuðning.
- Sjóðsstjórnin tekur ákvarðanir um úthlutun fjár úr sjóðnum og velur um hvað verðlaunað er eða styrkt hverju sinni.
- Starfssvið sjóðsins er Miklaholtshreppur.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa eftirtaldir menn: Formaður Búnaðarfélags Miklaholtshrepps, sem jafnframt skal vera formaður sjóðsstjórnar, oddviti Miklaholtshrepps, og þriðji maður kosinn af aðalfundi Búnaðarsambands Snæfellsness- og Hnappadalssýslu til tveggja ára í senn.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda funda- og gerðabók og færa í hana skipulagsskrána, úthlutun styrkja úr sjóðnum, fundarsamþykktir og annað, er varðar hag og rekstur sjóðsins.

Sjóðsstjórnin haldi einnig sérstaka bók fyrir eignir sjóðsins, tekjur og gjöld. Úthlutun úr sjóðnum skal fara fram 18. nóvember. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af tveimur endurskoðendum, kosnum af hreppsnefnd Miklaholtshrepps.

Reikningsgerð skal lokið fyrir 1. febr. ár hvert.

7. gr.

Skipulagsskrá þessi öðlist staðfestingu forseta Íslands.

8. gr.

Staðfesting skipulagsskrár fyrir sama sjóð frá 24. apríl 1951 fellur úr gildi.

September 1968.

Gunnar Guðbjartsson. Elín Guðbjartsdóttir. Guðbjörg Guðbjartsdóttir.
 Þorkell Guðbjartsson. Guðbrandur Guðbjartsson.
 Kristján Guðbjartsson. Ragnheiður Guðbjartsdóttir.
 Kristjana Bjarnadóttir, ekkja Alexanders Guðbjartssonar.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Neskaupstað.

Fasteignaskatt samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964, skal innheimta með 200% álagi í Neskaupstað.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964 5. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið, 18. desember 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.